

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr.153/1984. **Ákærvaldið**
 gegn
Karvel Gränz

Kærumál. Húsleit. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 25. ágúst 1984 með skírskotun til kæruheimildar í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kærugögn bárust Hæstarétti 28. s.m.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kæri úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Hinn kærði úrskurður er um leit í húsakynnum, er annar aðili hefur á leigu hjá varnaraðilja samkvæmt staðhæfingu hans sjálfs. Samkvæmt því var varnaraðilja ekki heimil kæra úrskurðar þessa samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa kærumáli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. ágúst 1984.

Ár 1984, föstudaginn 24. ágúst, er í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn er í skrifstofu dómsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Að kröfu Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins var fyrr í dag kveðinn upp úrskurður hér í dóminum, er heimilaði leit að Hafnargötu 20, Keflavík, bæði að Karvel Gränz, eiganda hússins, og að fíkniefnum og gögnum, er þeim kunna að tengjast. Hefur leit þessi þegar farið fram, og að sögn RLR kom þá í ljós, að rishæð nefnds húss var læst af með rennihurð inni í íbúð Karvels. Segi hann Nönnu Karlsdóttur hafa íbúð þessu á leigu.

Rannsóknarlögregla ríkisins kveður nauðsyn til bera, að leit fari einnig

fram í rishæð þessari í þágu rannsóknar meintra fíkniefnabrota Karvels, enda ekki fullljóst, hvernig nefndri leigu er háttað.

Við rannsókn á hvarfi bankabóka úr vörslum skiptaráðandans í Reykjavík og fjárúttekt úr þeim hefur komið fram sterkur grunur um, að hinu svikna fé hafi verið varið að verulegum hluta til kaupa á fíkniefnum. Kveðst einn hinna grunuðu í nefndu fjársvikamáli vita til þess fyrir víst, að í maí og júní sl. hafi annar, sem er grunaður í sama máli, í fjögur skipti afhent Karvel fíkniefni. Taldi hann Karvel hafa átt að selja fíkniefnin fyrir aðilja þennan.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, leikur grunur á fíkniefnamisferli Karvels Gränz, sbr. 173. gr. a alm. hgl. og 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974. Hann er eigandi hússins á Hafnargötu 20, Keflavík, og kveðst hafa leigt rishæðina Nönnu Karlsdóttur. Rétt þykir þó, eins og inn-gangi upp á rishæðina er háttað, að leyfa leit þar að fíkniefnum og munum, er þeim geta tengst, samkv. 48. gr. laga nr. 74/1974. Heimildin nær til læstra hirslna, og leggja má hald á sakargögn, sem finnast kunna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Heimilt er að leita fíkniefna og annarra muna, er þeim kunna að tengjast, í rishæðinni á Hafnargötu 20, Keflavík, eign Karvels Gränz, en sögð leigð af Nönnu Karlsdóttur, og leggja hald á slík efni og muni, sem finnast kunna. Heimild þessi nær til læstra hirslna.

Þriðjudaginn 4. september 1984.

Nr. 154/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Karvel Gränz

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru